

8.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 22.október, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Jósep Húnfjörð gjaldkeri. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla og Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Einar Ólafsson ritari, Halla Kari Hjaltsted formaður tækninefndar kvenna og Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1.a Dómarabók TKV fyrir íslenska fimleikastigann

Tækninefnd kvenna leggur fram nýja dómarabók fyrir íslenska fimleikastigann til samþykktar. Varðandi greinagerð og umfjöllum, þá er vísað til erindis sem barst stjórn fyrir 6.fund 10.september 2013.

1.b Dómarabók TK fyrir íslenska fimleikastigann

Tækninefnd karla leggur fram nýja dómarabók fyrir íslenska fimleikastigann til samþykktar. Varðandi greinagerð og umfjöllum, þá er vísað til erindis sem barst stjórn fyrir 6.fund 10.september 2013.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambands Íslands samþykkir tillögur TKV og TK um nýjan fimleikastiga í áhaldafimleikum karla og kvenna og þakkar vinnuhópunum fyrir frábæra vinnu við gerð stigans. Með útgáfu nýs fimleikastiga er lagður grunnur að áframhaldandi þróun íslenskra áhaldafimleika sem miðar að því að hámarka árangur okkar iðkenda hérlandis sem og erlendis. Horft er til þeirra þjóða sem standa fremst og tekið tillit til sér íslenskra aðstæðna, bæði varðandi líkamsgerð Íslendinga og félagsþætti sem hafa áhrif á árangur og framþróun. Það er von okkar og trú að íslenski fimleikastiginn haldi áfram að stuðla að framþróun íslenskra fimleika og styðji við það frábæra starf sem þjálfarar og forsvarsmenn félaga eru að vinna hjá aðildarfélögum fimleikasambandsins.

2.Fræðsluáætlun 2013-2014

Sviðsstjóri fræðslu- og mótamála leggur fram drög að fræðsluáætlun fyrir veturinn 2013 – 2014 til kynningar.

Ágúst 2013

31. ágúst – 1. sept Þjálfaranámskeið 1A Reykjavík (hluti 1) (32)

September

6. -7. september Toppþjálfaranámskeið í áhaldafimleikum KVK (23)

14. -15. september Þjálfaranámskeið 1A Reykjavík (hluti 2) (40)

20. – 21. september Dómaranámskeið í áhaldafimleikum KK (7)

Október

5.- 6. október	Þjálfaranámskeið 1A Egilsstaðir (12)
11. – 12. október	Þjálfaranámskeið 1B Akureyri (36)
16. – 23. október	Dómaranámskeið KK (fellt niður vegna þátttöku) (0)
19. október	Móttökunámskeið 1 Reykjavík (47)

Nóvember

2. nóvember	Móttökunámskeið 2 (25)
30. nóvember	Móttökunámskeið 1 á Egilsstöðum. (óstaðfest)
30. nóvember	Móttökunámskeið 1 á Akureyri (óstaðfest)

2014

Janúar

- Dómaranámskeið KVK
- Dómaranámskeið í Hópfimleikum
- Dómaranámskeið í KK
- 1 C námskeið
- Þjálfarnámskeið 1B Egilsstaðir

Ágúst

23. – 24. ágúst	1A í Reykjavík
30. – 31. ágúst	2A (nýja týpan farið hægar og meiri tími)
6. – 7. september	1 C Akureyri
13 – 14. september	Móttaka 1
20.- 21. September	Toppþjálfaranámskeið í áhalda karla

Toppþjálfaranámskeið í áhalda (karla, kvenna)

Í burðarliðnum er að útfæra námskeið 2B og 2C en þau hafa hingað til verið keyrð sem toppþjálfaranámskeið. En nú á 2B að vera áhaldanámskeið og 2C hópfimleikanámskeið og Toppþjálfaranámskeiðið verður fært upp á 3. Stig.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir drögin og felur sviðsstjóra fræðslumála að fylgja drögum eftir og kynna fyrir fimleikafélögum ásamt því að setja drögin á vef sambandsins.

3.Norður Evrópumót, tillaga um hóp

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur fram eftirfarandi tillögur vegna Norður Evrópumótsins í áhaldafimleikum, sem fer fram í Lisborn, Norður Írlandi, 22-24.nóvember næstkomandi.

Keppendur

Fullt lið kvenna, 5 keppendur

Fullt lið karla, 5 keppendur Aðrir í hópnum eru;

Þjálfarar

Björn Magnús Tómasson

Guðmundur Þór Brynjólfsson

Sandra Dögg Árnadóttir

Dómarar

Auður Ólafsdóttir

Sandra Matthíasdóttir

Sigurður Hrafn Pétursson

Andri Wilberg Orrason

Fararstjóri

Íris Svavarsdóttir

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra og felur henni ásamt framkvæmdastjóra úrvinnslu málsins.

4.Ferðabann keppanda

Samkvæmt ferðareglum FSÍ getur Stjórn Fimleikasambandsins úrskurðar keppanda í ferðabann vegna agabrots.

Stjórn FSÍ hefur borist tilkynning um agabrot keppanda á Heimsmeistaramóti í áhaldafimleikum sem haldið var í Antwerpen daganna 25.september – 5.október og úrskurðar því Tinnu Óðinsdóttur í ferðabann, frá og með þriðjudeginum 22.október til og með 31.desember 2013.

Sviðsstjóra landsliða falið að tilkynna um ákvörðun þessa.

Fundi slitið kl. 18:00.